

# **Hörgársveit**

**Ársreikningur 2025**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
<b>Ársreikningar</b>	
Samantekinn ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana .....	5 - 25
Veitur .....	26 - 30
<b>Sundurliðanir (óendurskoðaðar)</b>	
Rekstraryfirlit .....	31
Efnahagsyfirlit .....	32 - 33
Sundurliðað rekstraryfirlit aðalsjóðs .....	34 - 37
Sundurliðað rekstraryfirlit eignasjóðs .....	38
Sundurliðað rekstraryfirlit veitna .....	39
Sundurliðað rekstraryfirlit samstarfsverkefna B hluta .....	40

Hörgársveit  
Kennitala 510101-3830  
Þelamerkurskóla, 601 Akureyri

## Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Hörgársveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.608,3 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.440,2 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 1.506,6 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.427,6 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-lið nam 0,4% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í b-lið nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í c-lið nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í a og c-lið um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 48,9 millj. kr. og samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 34,7 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 23,7 millj. kr. og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 30,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.428,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.220,7 millj. kr. Hjá sveitarfélaginu störfuðu 91 starfsmaður á árinu í 68,4 stöðugildum. Hlutfall kynja er 81% konur og 19% karlar.

Íbúafjöldi Hörgársveitar 1. desember 2025 var 950 og fjölgaði um 85 frá fyrra ári eða um 9,8%.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Hörgársveitar staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Hörgársveit, 30. apríl 2026

  
Axel Grettisson

Oddviti



Ásrún Árnadóttir



Jón Þór Benediktsson



Jónas Þór Jónasson

Sunna María Jónasdóttir





Snorri Finnlaugsson

Sveitarstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Hörgársveitar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hörgársveitar fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra
- Rekstrarreikning ársins 2025.
- Efnahagsreikning 31. desember 2025.
- Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 30. apríl 2026

**PricewaterhouseCoopers ehf**



Rúnar Bjarnason  
löggiltur endurskoðandi



Sigurður Ingvi Rögnvaldsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

Skýr	Sveitarsjóður A hluti			Samstæða A og B hluti			
	Árið 2025	Áætlun með viðaukum	Árið 2024	Árið 2025	Áætlun með viðaukum	Árið 2024	
<b>Rekstrartekjur</b>							
Skatttekjur .....	3	887.055	868.047	785.327	887.055	868.047	785.327
Framlög jöfnunarsjóðs .....	3	393.297	377.543	353.002	393.297	377.543	353.002
Aðrar tekjur .....	3	226.235	181.986	188.418	327.951	194.575	341.339
		<u>1.506.588</u>	<u>1.427.576</u>	<u>1.326.747</u>	<u>1.608.304</u>	<u>1.440.165</u>	<u>1.479.668</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	4	855.538	809.309	696.407	884.047	809.309	764.051
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....		0	0	0	(18)	0	24
Annar rekstrarkostnaður .....		510.568	470.059	465.161	554.934	476.125	517.525
Afskriftir .....	7	54.063	54.539	48.578	62.547	57.197	56.211
		<u>1.420.169</u>	<u>1.333.906</u>	<u>1.210.146</u>	<u>1.501.510</u>	<u>1.342.630</u>	<u>1.337.811</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)</b>							
		86.419	93.670	116.601	106.794	97.535	141.857
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....							
	5	(62.692)	(62.848)	(58.387)	(58.460)	(62.848)	(55.407)
Hlutdeild minnihluta .....		0	0	0	564	0	287
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<u>23.727</u>	<u>30.822</u>	<u>58.214</u>	<u>48.898</u>	<u>34.687</u>	<u>86.738</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr	Sveitarsjóður A hluti		Samstæða A og B hluti	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
<b>Fastafjármunir</b>					
Efnislegar eignir:	7				
Fasteignir, lóðir og lendur .....		1.725.547	1.527.679	1.764.261	1.565.890
Gatnakerfi .....		382.374	313.620	382.374	313.620
Veitukerfi .....		0	0	47.113	47.762
Hafnamannvirki .....		0	0	83.891	68.626
Bífreiddar, bátar, áhöld og tæki .....		2.077	3.897	10.008	11.914
		<u>2.109.998</u>	<u>1.845.195</u>	<u>2.287.648</u>	<u>2.007.811</u>
Fjáreignir:					
Eignarhlutir í félögum .....	8	86.863	82.568	68.886	64.590
Langtímakröfur .....	10	4.691	4.937	4.691	4.937
		<u>91.554</u>	<u>87.505</u>	<u>73.577</u>	<u>69.528</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.201.552</u>	<u>1.932.700</u>	<u>2.361.224</u>	<u>2.077.339</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir .....		556	203	556	203
Óinnheimtar tekjur .....	11	99.228	76.016	110.186	86.244
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	10	247	247	247	247
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		25.353	26.002	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		9.212	9.567	79.370	60.296
Verðbréf .....		0	0	30	25
Handbært fé .....		4.191	10.513	25.732	26.120
		<u>138.787</u>	<u>122.547</u>	<u>216.120</u>	<u>173.133</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.340.339</u>	<u>2.055.248</u>	<u>2.577.344</u>	<u>2.250.472</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýr	Sveitarsjóður A hluti		Samstæða A og B hluti	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	12	1.220.673	1.109.006	1.438.992	1.291.623
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....		0	0	(10.903)	(11.467)
		<u>1.220.673</u>	<u>1.109.006</u>	<u>1.428.089</u>	<u>1.280.156</u>
<b>Skuldir</b>					
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar .....		0	0	976	928
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	831.700	760.229	842.687	770.639
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir .....		10.427	0	10.427	0
Viðskiptaskuldir .....		97.090	33.107	97.819	33.782
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	82.220	70.291	82.901	70.866
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		6	13	0	0
Ógreidd styrkloforð og fyrirframinnheimt .....		0	0	11.770	7.863
Aðrar skammtímaskuldir .....		98.223	82.602	102.675	86.238
		<u>287.966</u>	<u>186.013</u>	<u>305.593</u>	<u>198.749</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<u>1.119.665</u>	<u>946.241</u>	<u>1.149.255</u>	<u>970.316</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.340.339</u>	<u>2.055.248</u>	<u>2.577.344</u>	<u>2.250.472</u>

Aðrar upplýsingar

6, 9, 14 - 18

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

Skýr	Sveitarsjóður			Samstæða		
	A hluti			A og B hluti		
	Árið 2025	Áætlun með viðaukum	Árið 2024	Árið 2025	Áætlun með viðaukum	Árið 2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	23.727	30.822	58.214	48.898	34.687	86.738
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	7	54.063	54.539	48.578	62.547	57.197
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....		0	0	(34)	0	24
Verðbætur og gengismunur .....	10,13	34.181	34.879	36.817	34.586	34.879
Hlutdeild minnihluta .....		0	0	(564)	0	(287)
Aðrir liðir .....		0	0	5.065	0	1.862
Hreint veltufé frá rekstri .....		111.971	120.240	143.609	150.497	126.763
					126.763	181.851
Breytingar á skammtímalíðum:						
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun .....		(23.566)	0	(8.270)	(24.296)	0
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		355	0	(4.589)	(19.074)	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		90.031	0	(14.412)	94.809	0
Breytingar .....		66.821	0	(27.270)	51.439	0
					0	(58.318)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		178.792	120.240	116.339	201.936	126.763
					126.763	123.533
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í efnislegum eignum .....	7	(230.926)	(156.850)	(258.052)	(246.911)	(156.850)
Seldar efnislegar eignir .....	7	0	0	0	61	0
Fjárfesting í hlutabréfum .....		(4.296)	0	0	(4.296)	0
Afborganir langtímakrafna .....	10	247	247	1.637	247	247
		(234.975)	(156.603)	(256.415)	(250.898)	(156.603)
					(250.898)	(269.069)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....		125.000	125.000	180.000	125.000	125.000
Afborganir langtímalána .....	13	(75.782)	(75.510)	(49.921)	(76.426)	(75.510)
Eigin fyrirtæki, breyting .....		642	6.523	(959)	0	0
		49.860	56.013	129.120	48.574	49.490
					49.490	129.539
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		(6.323)	19.650	(10.956)	(388)	19.650
Handbært fé í ársbyrjun .....		10.513	10.513	21.470	26.120	26.120
<b>Handbært fé í árslok</b>		4.191	30.163	10.513	25.732	45.770
					45.770	26.120

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Hörgársveit er næsta sveitarfélag norðan Akureyrar. Sveitarfélagamörkin við Akureyri eru við Lónið, á móti Skagafirði við Grjóta á Öxnadalshéiði og á móti Dalvíkurbyggð eru mörkin skammt norðan við Fagraskóg. Hörgársveit varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar 12. júní 2010. Hörgárbyggð varð til 1. janúar 2001 þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust.

Íbúar Hörgársveitar voru 950 talsins þann 1. desember 2025.

Ársreikningur Hörgársveitar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, A hluta, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Veitur Hörgársveitar, Hraun í Öxnadal ehf og samstarfsverkefni B hluta.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan fyrir utan samstarfsverkefni með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins. Þar sem gerð hefur verið breyting á hefur samunburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Samantekin reikningsskil

Ársreikningur sveitarsjóðs, A hluta, og samstæðu A og B hluta er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra fyrirtækja og stofnana en öll innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður eru jöfnuð út.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015, sbr. reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samstarfsverkefnum. Sjá nánar skýringu nr. 9 um samstarfsverkefni með ótakmarkaðri ábyrgð.

### 2.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi. Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er færður á meðal annarra rekstrartekna / -gjalda, en söluhagnaður (tap) af eignarhlutum í félögum er færður meðal fjármunatekna / gjalda í rekstrarreikningi.

## Skýringar

### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.5 Efnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sveitarfélaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	10 - 40 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Hafnamannvirki .....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og tæki .....	5 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 2.6 Stofnframlög, fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýmnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur er gangvirði ákvarðað með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Skýringar

### 2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2026. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 2.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 2.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 2.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Óskipulögð lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 2.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að fráregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að fráregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

### 2.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt.

## Skýringar

### 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2025	Áætlun með viðaukum 2025	Árið 2025	Áætlun með viðaukum 2025
Skatttekjur:				
Útsvör .....	710.215	691.882	710.215	691.882
Fasteignaskattur og lóðaleiga .....	176.840	176.165	176.840	176.165
	887.055	868.047	887.055	868.047
Jöfnunarsjóður:				
Útgjaldajöfnunarframlag .....	221.769	198.243	221.769	198.243
Grunnskólaframlag .....	94.558	104.841	94.558	104.841
Tekjujöfnunarframlag .....	1.908	0	1.908	0
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts .....	62.171	60.815	62.171	60.815
Framlag vegna nýbúa og fatlaðra .....	3.118	4.026	3.118	4.026
Framlag vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða .....	7.703	7.537	7.703	7.537
Samþættingarframlag, þjónusta í þágu barna .....	2.069	2.081	2.069	2.081
	393.297	377.543	393.297	377.543
Aðrar tekjur .....	226.235	181.986	327.951	194.575
Þjónustutekjur samtals .....	226.235	181.986	327.951	194.575
Rekstrartekjur samtals	1.506.588	1.427.576	1.608.304	1.440.165
Íbúafjöldi .....	950	950	950	950
Skatttekjur á íbúa .....	1.348	1.311	1.348	1.311

### 4. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2025	Áætlun með viðaukum 2025	Árið 2025	Áætlun með viðaukum 2025
Laun .....	679.593	678.695	702.199	678.695
Launatengd gjöld .....	175.945	130.614	181.849	130.614
	855.538	809.309	884.047	809.309

Laun vegna sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 27,5 milljónum króna á árinu 2025. Hjá sveitarfélaginu störfuðu 91 starfsmaður á árinu í 68,4 stöðugildum samanborið við 81 starfsmann í 60,1 stöðugildi á árinu 2024. Hlutfall kynja er 81% konur og 19% karlar.

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2025	Áætlun með viðaukum 2025	Árið 2025	Áætlun með viðaukum 2025
Vaxtatekjur .....	5.638	0	5.638	0
Tekjur af eignarhlutum í félögum .....	72	0	72	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....	(68.401)	(62.848)	(64.169)	(62.848)
	<u>(62.692)</u>	<u>(62.848)</u>	<u>(58.460)</u>	<u>(62.848)</u>

### 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Ársreikningur 2025		Áætlun með viðaukum 2025
		Tekjur	Mismunur	
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	1.287.323	1.287.323	1.251.825
Félagsþjónusta .....	96.745	1.113	(95.631)	(62.521)
Heilbrigðismál .....	3.097	2.125	(972)	(691)
Fræðslu- og uppeldismál .....	1.020.450	81.084	(939.366)	(845.441)
Meningarmál .....	10.570	0	(10.570)	(9.010)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	134.966	45.648	(89.317)	(97.725)
Brunamál og almannavarnir .....	16.341	0	(16.341)	(15.541)
Hreinlætismál .....	32.958	30.508	(2.449)	3.381
Skipulags- og byggingarmál .....	30.170	1.170	(29.000)	(21.445)
Umferðar- og samgöngumál .....	68.283	0	(68.283)	(56.367)
Umhverfismál .....	21.939	384	(21.555)	(15.649)
Atvinnumál .....	3.845	0	(3.845)	(4.293)
Sameiginlegur kostnaður .....	113.281	7.084	(106.197)	(96.942)
Fjármagnsliðir .....	2.131	17.229	15.098	11.031
Aðalsjóður samtals	<u>1.554.774</u>	<u>1.473.668</u>	<u>(81.106)</u>	<u>40.612</u>
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignarsjóður .....	235.805	340.638	104.833	(9.790)
Sveitarsjóður samtals	<u>1.790.579</u>	<u>1.814.307</u>	<u>23.727</u>	<u>30.822</u>
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Veitur Hörgársveitar .....	17.340	17.340	0	3.865
Samstarfsverkefni B hluta .....	49.695	75.590	25.895	0
Hraun í Öxnadal ehf .....	15.622	14.334	(1.289)	0
Hlutdeild minnihluta .....	0	0	564	0
Sjóðir í B-hluta samtals	<u>82.657</u>	<u>107.264</u>	<u>25.170</u>	<u>3.865</u>
A og B hluti samtals	<u>1.873.237</u>	<u>1.921.570</u>	<u>48.898</u>	<u>34.687</u>

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir

Efnislegar eignir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Veitukerfi	Hafna- mannvirki	Bífreiðar, bátar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti í árslok 2024:						
Stofnverð 1/1 .....	1.739.948	348.393	0	0	13.150	2.101.491
Viðbót ársins .....	206.633	51.419	0	0	0	258.052
Endurmat lóða og lendna .....	2.606	0	0	0	0	2.606
Stofnverð 31/12 .....	1.949.187	399.812	0	0	13.150	2.362.150
Afskrifað 1/1 .....	388.687	72.257	0	0	7.433	468.376
Afskrifað á árinu .....	32.822	13.936	0	0	1.820	48.578
	421.509	86.193	0	0	9.253	516.954
Bókfært verð 31/12 .....	1.527.679	313.620	0	0	3.897	1.845.195

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Veitukerfi	Hafna- mannvirki	Bífreiðar, bátar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti í árslok 2024:						
Stofnverð 1/1 .....	1.801.652	348.393	125.244	145.424	29.246	2.449.959
Áhrif breytinga hlutfalla .....	976	0	0	7.752	824	9.552
Stofnverð 1/1 .....	1.802.629	348.393	125.244	153.176	30.070	2.459.511
Viðbót ársins .....	206.744	51.419	3.598	8.001	975	270.737
Endurmat lóða og lendna .....	2.606	0	0	0	0	2.606
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0	(231)	(231)
Stofnverð 31/12 .....	2.011.979	399.812	128.842	161.176	30.814	2.732.623
Afskrifað 1/1 .....	411.753	72.257	78.422	85.365	15.768	663.566
Áhrif breytinga hlutfalla .....	266	0	0	4.550	426	5.242
Afskrifað 1/1 .....	412.019	72.257	78.422	89.916	16.194	668.808
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0	(208)	(208)
Afskrifað á árinu .....	34.070	13.936	2.658	2.634	2.914	56.211
	446.089	86.193	81.080	92.550	18.900	724.812
Bókfært verð 31/12 .....	1.565.890	313.620	47.762	68.626	11.914	2.007.811

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir (frh.)

Efnislegar eignir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Veitukerfi	Hafna- mannvirki	Bifreiðar, bátar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti í árslok 2025:						
Stofnverð 1/1 .....	1.949.187	399.812	0	0	13.150	2.362.150
Viðbót ársins .....	147.075	83.851	0	0	0	230.926
Endurmat lóða og lendna .....	87.940	0	0	0	0	87.940
Stofnverð 31/12 .....	2.184.202	483.663	0	0	13.150	2.681.015
Afskrifað 1/1 .....	421.509	86.193	0	0	9.253	516.954
Afskrifað á árinu .....	37.147	15.096	0	0	1.820	54.063
	458.655	101.289	0	0	11.073	571.017
Bókfært verð 31/12 .....	1.725.547	382.374	0	0	2.077	2.109.998

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Veitukerfi	Hafna- mannvirki	Bifreiðar, bátar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti í árslok 2025:						
Stofnverð 1/1 .....	2.011.979	399.812	128.842	161.176	30.814	2.732.623
Áhrif breytinga hlutfalla .....	1.630	0	0	13.545	1.443	16.618
Stofnverð 1/1 .....	2.013.609	399.812	128.842	174.721	32.257	2.749.241
Viðbót ársins .....	147.713	83.851	2.153	12.915	278	246.911
Endurmat lóða og lendna .....	87.940	0	0	0	0	87.940
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0	(468)	(468)
Stofnverð 31/12 .....	2.249.262	483.663	130.995	187.637	32.068	3.083.624
Afskrifað 1/1 .....	446.089	86.193	81.080	92.550	18.900	724.812
Áhrif breytinga hlutfalla .....	482	0	0	7.778	782	9.042
Afskrifað alls 1/1 .....	446.571	86.193	81.080	100.328	19.683	733.854
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0	(425)	(425)
Afskrifað á árinu .....	38.430	15.096	2.802	3.418	2.802	62.547
	485.001	101.289	83.882	103.745	22.060	795.977
Bókfært verð 31/12 .....	1.764.261	382.374	47.113	83.891	10.008	2.287.648

Vátryggingarverð, brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð efnislegra eigna greinast þannig í árslok:

	Vátryggingar verð	Brunabóta- mat	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Sveitarsjóður:				
Leikskólar .....	645.054	152.960	28.650	447.952
Skólar .....	1.264.014	1.091.750	217.520	665.050
Íþróttahús og sundlaugar .....	885.546	779.100	161.971	108.802
Þjónustuhúsnæði .....	0	0	0	222
Lóðir og lendur .....	0	0	1.933.648	504.495
Gatnakerfi .....	0	0	0	381.399
Bifreiðar .....	0	0	0	2.077
Samtals sveitarsjóður .....	2.794.614	2.023.810	2.341.789	2.109.998

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir (frh.)

	Vátryggingar verð	Brunabóta- mat	Fasteigna- mat	Bókfært verð
B hluta stofnanir:				
Fasteignir og lóðir .....	0	0	0	38.715
Veitukerfi .....	0	0	0	47.113
Hafnamannvirki .....	0	0	0	83.891
Bifreiðar, bátar, áhöld og tæki .....	0	0	0	7.931
Samtals B hluta stofnanir .....	0	0	0	177.649
Samstæða samtals .....	2.794.614	2.023.810	2.341.789	2.287.648

### 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

		A hluti	A og B hluti
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Bókfært verð
Dysnes Þróunarfélag ehf., Hörgársveit .....	16,67%	2.250	2.250
Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri .....	2,66%	6.623	6.623
Greið leið ehf., Akureyri .....	1,00%	3.763	3.763
Hafnasamlag Norðurlands b.s., Akureyri .....	4,23%	1.021	0
Hjalteyri ehf., Hörgársveit .....	29,40%	7.730	7.730
Hraun í Öxnadal ehf., Hörgársveit .....	56,23%	16.957	0
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík .....		318	318
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf., Reykjavík .....	0,17%	15.326	15.326
Molta ehf., Eyjafirði .....	0,53%	876	876
Norðurorka hf., Akureyri .....	0,80%	32.000	32.000
		86.863	68.886

### 9. Samstarfsverkefni með ótakmarkaðri ábyrgð

Hlutdeild í samstarfsverkefnum sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins greinast þannig:

Samstarfsverkefni B hluta:	Ábyrgðar- hlutur	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Hafnasamlag Norðurlands b.s. ....	4,23%	25.965	179.261	12.766	166.494
SSNE .....	2,88%	(89)	7.868	6.189	1.678
SBE .....	30,79%	0	7.992	1.439	6.553
Tónlistarskóli Eyjafjarðar .....	30,79%	0	5.745	1.850	3.895
ALNEY .....	2,88%	18	103	0	103
		25.895	200.968	22.244	178.724

Ábyrgðarhlutur sveitarfélagsins er reiknaður út frá íbúatölu sveitarfélaga í hverju samstarfsverkefni fyrir sig. Ársreikningar 2025 fyrir SBE og Tónlistarskóla Eyjafjarðar lágu ekki fyrir og því var ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra á árinu. Efnahagsstöður fyrir SBE og Tónlistarskóla Eyjafjarðar miðast við 31.12.2024.

## Skýringar

### 10. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	Staða 1.1	Ný bréf	Afborganir fært út	Verðbætur	Eftirstöðvar 31.12.2025
Brú lífeyrissjóður .....	5.184	0	(247)	0	4.937
Almenn skuldabréf .....	0	0	0	0	0
Langtímakröfur samt. ....	5.184	0	(247)	0	4.937

	A hluti	A og B hluti
Langtímakröfur greinast þannig:		
Brú lífeyrissjóður .....	4.937	4.937
Kröfur samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum .....	4.937	4.937
Næsta árs afborganir .....	(247)	(247)
	4.691	4.691

	A hluti	A og B hluti
Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2026 .....	247	247
Árið 2027 .....	247	247
Árið 2028 .....	247	247
Árið 2029 .....	247	247
Árið 2030 .....	247	247
Síðar .....	3.705	3.705
	4.937	4.937

### 11. Önnheimtar tekjur

	A hluti	A og B hluti
Önnheimtar tekjur greinast þannig:		
Kröfur .....	122.824	133.782
Niðurfærsla krafna .....	(23.596)	(23.596)
Kröfur, nettó .....	99.228	110.186

	A hluti	A og B hluti
Niðurfærsla krafna greinist þannig:		
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....	19.172	19.172
Tapaðar kröfur á árinu .....	0	0
Breyting afskriftaframlags á árinu .....	4.424	4.424
Afskriftareikningur í árslok .....	23.596	23.596

## Skýringar

### 12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning 2024:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1/1 2024 .....	1.048.186	1.185.521
Endurmat lóða og lendna .....	2.606	2.606
Rekstrarniðurstaða ársins .....	58.214	86.738
Hlutdeild minnihluta .....	0	(287)
Áhrif breytinga hlutfalla samstarfsverkefna .....	0	5.578
Eigið fé 31/12 2024 .....	<u>1.109.006</u>	<u>1.280.156</u>

Yfirlit um eiginfjárreikning 2025:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1/1 2025 .....	1.109.006	1.280.156
Endurmat lóða og lendna .....	87.940	87.940
Rekstrarniðurstaða ársins .....	23.727	48.898
Hlutdeild minnihluta .....	0	(564)
Áhrif breytinga hlutfalla samstarfsverkefna .....	0	11.660
Eigið fé 31/12 2025 .....	<u>1.220.673</u>	<u>1.428.089</u>

### 13. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

A hluti:	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2025
Lánasjóður sveitarfélaga .....	830.520	125.000	(75.782)	34.181	913.919
Langtímaskuldir samt. ....	<u>830.520</u>	<u>125.000</u>	<u>(75.782)</u>	<u>34.181</u>	<u>913.919</u>

  

A og B hluti:	Staða 1.1	Áhrif breyt. hlutfalla	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2025
Lánasjóður sveitarfélaga .....	830.520	0	125.000	(75.782)	34.181	913.919
Samstarfsverkefni B hluta .....	10.985	923	0	(644)	404	11.669
Langtímaskuldir samt. ....	<u>841.505</u>	<u>923</u>	<u>125.000</u>	<u>(76.426)</u>	<u>34.586</u>	<u>925.588</u>

Yfirlit um langtímaskuldir:

	A hluti	A og B hluti
Innlend verðtryggð lán .....	913.919	925.588
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t næsta árs afborganir .....	913.919	925.588
Næsta árs afborganir .....	(82.220)	(82.901)
	<u>831.700</u>	<u>842.687</u>

## Skýringar

### 13. Langtímaskuldir (frh.)

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2026 .....	82.220	82.901
Árið 2027 .....	82.220	82.938
Árið 2028 .....	82.220	82.977
Árið 2029 .....	78.553	79.353
Árið 2030 .....	74.887	75.730
Síðar .....	513.820	521.689
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir .....	913.919	925.588

### 14. Aðrar upplýsingar

#### Ábyrgðaskuldbindingar

Hörgársveit er aðili að eftirfarandi byggðasamlagi sem hefur fjárhagslegar skuldbindingar:

#### Hafnasamlag Norðurlands

Sveitarsjóðir aðildarsveitarfélaganna bera einfalda ábyrgð á skuldbindingu byggðasamlaga en innbyrðis skiptist ábyrgðin eftir íbúafjölda sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðað er til skýringar nr. 2.2 vegna byggðasamlaga og annarra félagaforma með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélaga.

#### Ábyrgð á láni hjá Fallorku ehf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 15. febrúar 2018 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Fallorku ehf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 5 millj. EUR með lokagjaldþaga þann 5. desember 2032. Fallorka ehf. er 100% í eigu Norðurorku hf. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 40.000 EUR eða 5,9 millj. kr. miðað við gengi Evru í lok árs 2025.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 23. ágúst 2018 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 2.600 millj. kr. Um er að ræða tvö lán annars vegar að höfuðstól 1.000 millj. kr. með lokagjaldþaga þann 5. apríl 2034 og hins vegar að höfuðstól 1.619,5 millj. kr. með lokagjaldþaga þann 5. nóvember 2055. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 21 millj. kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 22. ágúst 2019 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 100 millj. kr., með lokagjaldþaga þann 5. apríl 2034. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 800.000 kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 22. ágúst 2019 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 5 millj. EUR, með lokagjaldþaga þann 5. september 2034. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 40.000 EUR eða 5,9 millj. kr. miðað við gengi Evru í lok árs 2025.

## Skýringar

### 14. Aðrar upplýsingar (frh.)

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 27. maí 2021 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 600 millj. kr., með lokagjaldþaga þann 23. mars 2040. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 4,8 millj. kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 24. ágúst 2023 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 800 millj. kr., með lokagjaldþaga þann 2. nóvember 2028. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 6,4 millj. kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

